

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 85/1992.

Sigurður Júlíus Stefánsson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Magnúsi Ármannssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Lausafjárkaup. Greiðsla. Viðskiptabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 4. desember 1991. Það mál féll niður á reglulegu dómþingi 3. febrúar 1992. Með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands áfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 26. febrúar 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækkunar á kröfunum svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi átti þess ekki kost að leita til útgefanda skuldabréfanna, Sólu hf., til þess að fá þau greidd, þar sem enginn var skráður í stjórn þess félags og því ekki unnt að ganga að félaginu. Einnig er í ljós leitt, að við kaupin lá einungis frammi brunabótamat veðandlagsins, að fjárhæð 20.751.624 krónur, en fasteignamat allrar húseignarinnar var einungis 5.258.000 krónur. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti kom fram, að á undan 4. veðrétti samkvæmt bréfunum hvíldu samtals 8.000.000 krónur á þeim hluta fasteignarinnar, þ. e. á jarðhæð hússins og eignarhluta í kjallara, sem veðsetningin náði til. Stefndi gat því ekki náð greiðslu samkvæmt þeim við uppboð fasteignarinnar. Veðskuldabréf þessi voru því verðlaus með öllu.

Með vísan til þessa og forsendna héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans, að því er varðar sýknukröfu áfrýjanda.

Í málinu hefur áfrýjandi uppi varakröfu um lækkun á kröfum

stefnda. Styður hann varakröfuna því, að verð bifreiðarinnar hafi við kaupin verið ákvarðað með tilliti til greiðslukjara. Ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, hefði kaupverð verið ákveðið að minnsta kosti fjórðungi lægra.

Varakröfu áfrýjanda verður að skilja svo, að hann hefði í viðskiptum aðila verið reiðubúinn að greiða í milli með peningum í stað umræddra skuldabréfa. Ekkert í framburði hans fyrir héraðsdómi bendir til, að svo hafi verið, heldur bendir framburðurinn til hins gagnstæða, að honum hafi verið í mun að nota skuldabréf þessi á þann hátt, sem hann gerði. Er varakrafan því haldlaus.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Júlíus Stefánsson, greiði stefnda, Magnúsi Ármannssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. október 1991, er höfðað með stefnu, birtri 11. janúar 1991.

Stefnandi er Magnús Ármannsson, kt. 170456-2629, Mánagötu 21, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður J. Stefánsson, kt. 040952-4389, Bergstaðastræti 50, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld, að fjárhæð 480.282,20 krónur, auk dráttarvaxta skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1989 til greiðsludags, til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti og að dráttarvextir reiknist á málskostnað frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og leggist árlega við höfuðstól fjárkröfu og málskostnaðar í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987.

Stefnandi hefur við munnlegan málflutning fallið frá kröfu sinni um staðfestingu á löghaldi, dags. 11. 12. 1990, í eign stefnda, bifreiðinni KS-833, Ford F250 XLT pickup, árgerð 1986.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum

stefnanda. Til vara er krafist lækkunar á stefnukröfum. Þá er málskostnaðar krafist úr hendi stefnanda að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málskostnaðarfjárhæð, og beri hún án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags svo og, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru þeir, að 5. apríl 1989 seldi stefnandi stefnda bifreiðina R-69510, M.-Benz 230 E, árgerð 1981. Umsamið kaupverð var 780.000,00 krónur. Stefnandi tók við sem hluta kaupverðsins bifreið stefnda, R-23206, BMW 518, árgerð 1981. Var sú bifreið metin á 350.000,00 krónur. Einnig afhenti stefndi stefnanda víxil á þriðja mann með gjalddaga 1. júlí 1989, að fjárhæð 30.000,00 krónur. Er sá víxill greiddur. Þá afhenti stefndi stefnanda tvö handhafaskuldabréf, hvort að fjárhæð 200.000,00 krónur, samtals að fjárhæð 400.000,00 krónur. Skuldabréfin voru bæði gefin út af Sólu hf. með fyrsta gjalddaga 15. nóvember 1989. Voru bæði bréfin tryggð með 4. veðrétti í eignarhluta á jarðhæð hússins nr. 2 við Höfðatún í Reykjavík og í eignarhluta í kjallara sama húss. Hvorugt þessara bréfa hefur greiðst þrátt fyrir innheimtuaðgerðir, fyrst af hálfu banka og síðan með kröfu í uppboðsandvirði hinna veðsettu eignarhluta, sem seldir voru á nauðungaruppboði 26. september 1989 og 11. júní 1990.

Stefnufjárhæðin sundurliðast svo:

Höfuðstóll hvors bréfs	kr.	200.000,00
Samningsvextir til 15. nóv. 1989	kr.	<u>40.141,60</u>
Samtals hvort bréf	kr.	240.141,60
eða samtals	kr.	<u>480.283,20.</u>

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að endanleg greiðsla andvirðis bifreiðarinnar R-69510 hafi ekki farið fram, fyrr en umrædd veðskuldabréf væru að fullu greidd. Veðandlag það, er tryggja átti bréfin, hefur verið selt á nauðungaruppboði, án þess að greiðsla fengist af uppboðsandvirði, og vonlaust sé að stefna skuldara bréfanna, þar sem hlutafélagið sé ekki lengur til. Stefnandi byggir á því, að hann hafi tekið við bréfunum á þeirri forsendu, að þau fengjust greidd, og þar sem svo hafi ekki verið, hafi fyrra skuldasamband milli stefnda og stefnanda orðið virkt að nýju.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ekki hafi verið hafður uppi fyrirvari um ábyrgð stefnda á greiðslu veðskuldabréfanna. Stefnandi hafi sætt sig við veðskuldabréfin og tekið við þeim sem fullnaðargreiðslu.

Forsendur og niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, tók stefnandi við tveimur skuldabréfum, bifreið og 30.000,00 króna víxli sem greiðslu fyrir bifreið þá, sem hann seldi stefnda. Afhending bréfanna, sem krafið er um greiðslu á í máli þessu, verður ekki skoðuð sem fullnaðargreiðsla þrátt fyrir orðalag í afsali. Fallist er á það með stefnanda, að forsenda hans fyrir viðtöku nefndra bréfa hafi verið sú, að þau yrðu greidd, og með því að svo varð ekki, varð kröfuréttarsamband aðila virkt að nýju.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 137.000,00 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurður J. Stefánsson, greiði stefnanda, Magnúsi Ármannssyni, 480.283,20 krónur auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1989 til greiðsludags og 137.000,00 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim tíma, er liðnir eru 15 dagar frá uppkvaðningu dóms, til greiðsludags. Dráttarvextir af málskostnaðarfjárhæð bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.
